

Ed.

28. Frumvarp til laga

[27. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

73. gr. orðist svo:

Foreldri, sem fær úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum sínum getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með úrskurðinn og fengið meðlagið greitt þar innan þeirra takmarka, er 14. gr. setur um fjárhæð og aldur barna.

Á sama hátt getur móðir fengið meðlag greitt með barni eftir að barnsfaðernismál er höfðað, þ. e. a. s. dómari hefur veitt viðtöku ósk frá réttum aðila um að málið sæti rannsókn og dómsmeðferð.

Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða meðlag aftur í tímann allt að 12 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður eða vottorð um höfðun barnsfaðernismáls berst stofnuninni, enda eigi þá 4. mgr. 14. gr. ekki við.

Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mánaðar tilkynningu um fyrstu greiðslu meðlags með barni. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði.

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni meðlög skv. 1. mgr. vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga hérlandis, mánaðarlega eftir því sem meðlögin innheimtast. Skiladagar vegna óinnheimtra meðlaga skulu vera 1. mars, 1. júní og 1. október, en þann dag skulu fullnaðarskil gerð.

Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis, svo og meðlög greidd skv. 2. mgr., þar til meðlagsúrskurður liggur fyrir.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt um greiðslu meðlags, sem feður eða fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það nýmæli felst í 2. mgr. nýrrar 73. gr. almannatryggingalaga skv. frumvarpi þessu, að heimilt yrði að hefja greiðslu meðlags án þess að meðlagsúrskurður liggi fyrir, svo fremi að barnsfaðernismál hafi í raun verið hafið.

Hér er því lagt til að sú varfærnislega afgreiðsla meðlaga, sem nú er lögskipuð, viki fyrir þeim hagsmunum einstæðra mæðra, að þær fái fyrirstöðulaust greiddan þann hluta, sem föður er ætlaður í framfæri barns.

Því kynni svo að fara, að lítið brot þeirrar fjárhæðar, sem til greiðslu meðlaga gengur árlega, fengist ekki endurgreitt, þar eð ekki tækist að feðra barn og meðlagsúrskurður yrði því ekki upp kveðinn. Gera verður ráð fyrir, að nokkur hluti þess sem þannig yrði ekki endurkræft, hefði að óbreyttum reglum fallið undir 4. mgr. 14. greinar almannatryggingalaga um barnalífeyri með ófeðranlegum börnum.

Nú er 31 mál í gangi, sem rekið er með afskiptum og aðstoð utanríkisráðuneytisins og sendiráða Íslands erlendis. Það vill oft dragast árum saman að slík mál á hendur útlendum barnsfeðrum séu til lykta leidd. Í raun er það fyrst og fremst vandi þessara kvenna, sem leystur yrði með þessari lagabreytingu.

Meðlag vegna 31 máls hefði numið um 15 m.kr. á árinu 1980. Ekki hefðu það þó allt verið aukin útgjöld ríkissjóðs. Eflaust hefði eitthvað fallið undir 4. mgr. 14. gr. sem greiðsla barnalífeyris (sömu upphæðar og meðlag) með ófeðranlegu barni.

Á hinn bóginn verður að benda á, að nokkur börn hefur ekki tekist að feðra, en tryggingaráð samt ekki heimilað beitingu fyrrnefndrar 4. mgr. 14. gr. laganna. Með þessum börnum yrði nú skylt að greiða meðlag 12 mánuði aftur í tímann og áfram, þar eð ekki er sett það skilyrði, að höfðun barnsfaðernismáls leiði til endanlegrar feðrunar. Tilsvarandi ákvæði 14. gr. eiga þá því aðeins við, að ekki sé unnt að höfða barnsfaðernismál af einhverjum ástæðum.

Að öllu athuguðu er ekki ólíklegt að breyting þessi gæti valdið ríkissjóði aukaútgjöldum vegna meðlagsgreiðslna með 25—30 börnum á ári, eða sem svarar 13—15 m.kr. nú.

Aðrar breytingar, sem í frv. þessu felast, eru þær helstar að Innheimtustofnun sveitarfélaga er gert að gera skil vegna óinnheimtra meðlaga 1. mars, 1. júní og 1. október ár hvert og hafa þá gert fullnaðarskil til þess dags. Þá er einnig lagt til að Innheimtustofnun skili af sér mánaðarlega eftir því sem innheimta gengur og er það í samræmi við 10. gr. reglugerðar nr. 214/1973.

Hér er um verulegar fjárhæðir að ræða og skiptir miklu hvernig útlögð meðlög endurheimtast. Fyrir löngu er svo komið að allur varasjóður T.r. er bundinn í úti-standandi meðlögum. Á árinu 1979 námu þessar greiðslur alls 1 457 m.kr. Þar af um 100 m.kr. sem krafið var á ríkissjóð vegna erlendra barnsfeðra. Á yfirstandandi ári verða þessar tölur væntanlega 2 200 m.kr. og 150 m.kr.

Úti-standandi í ársbyrjun 1979 var hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga 1 698 m.kr. og ríkissjóði 151 m.kr. eða alls 1 849 m.kr. Tilsvarandi tala í árslok 1979 yrði væntanlega um 2.6—2.7 milljarðar og þá í árslok 1980 um 4.0 milljarðar.

Ríkisendurskoðun hefur itrekað gert athugasemdir við hin síðbúnu fullnaðarskil Innheimtustofnunar sveitarfélaga og lagt til að almannatryggingalögum yrði breytt á þann hátt, sem hér er lagt til.